



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild


DALVÍK

Neysluvatnsrannsóknir 1962 - 1986  
Unnið fyrir Dalvíkurbæ

ÞÓRÓLFUR H. HAFSTAÐ

OS-046/VOD-17 B

Júlí 1986



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer: 655-2

**DALVÍK**  
**Neysluvatnsrannsóknir 1962-1986**  
Unnið fyrir Dalvíkurba

Þórólfur H. Hafstað

OS-86046/VOD-17 B

Júlí 1986

EFNISYFLIRIT

		bls.
1	INNGANGUR	3
2	GRUNNVATN og MYNDUN ÞESS	4
3	YFIRLIT UM ATHUGANIR Á VATNSÖFLUNARMÖGULEIKUM DALVÍKUR	4
4	LINDIDR Í NÁGRENNI DALVÍKUR	5
4.1	Upsadalur	6
4.2	Karlsárdalur	6
4.3	Lindir við Ytra Holt	7
4.4	Aðrir möguleikar	8
5	TILRAUNABRUNNAR	8
5.1	Hálsá	9
5.2	Holtsá	10
5.3	Melshorn	11
6	MÖGULEIKAR VATNSVEITUNNAR	13
	VIÐAUKI 1: Efnagreiningar	15
	VIÐAUKI 2: Lindir á Karlsárdal	16
	VIÐAUKI 3: Skissa af brunni við Holtsá	17
	VIÐAUKI 4: Aætlun um dælingu í Melshorni	18
	VIÐAUKI 5: Dæling úr Melshorni, úr dagbók	19
	VIÐAUKI 6: Yfirlitsmynd	20

## 1 INNGANGUR

Tilgangur þessa skýrslukorns er að gera nokkra grein fyrir þeim at-hugunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á möguleikum Dal-víkurbæjar til ferksvatnsöflunar. Í sem stystu málí verður að segja að þær hafi grátlega lítinn árangur borið sem sést best af því að á-stand neysluvatnsmála er síst skárra nú en það var þegar höfundur hafði fyrst afskipti af þeim fyrir rúmum áratug.

Til þess að vatn geti talist hæft til neyslu og matvælaiðnaðar, verður það að vera gerla- og grugglaust og einnig verður magn uppleystra efna að vera innan skikkanlegra marka. Eigi þessir eiginleikar að fást verður annað hvort að tryggja nægilegt magn grunnvatns úr vatns-leiðandi jarðögum, eða sía og gerilsneyða yfirborðsvatn.

Gerilsneyðing vatns með útfjólublárrí geislun hefur rutt sér til rúms á undanförnum árum. Geislunin sem slík leysir engan vanda nema vatnið sé alveg grugglaust við allar aðstæður. Ekki er komin fullnægjandi reynsla á hraðvirkar síur, sem nú eru komnar á markaðinn, hvað sem verður í framtíðinni. Ekki er þeim enn sem komið er fullkomlega treystandi við íslenskar aðstæður, þar sem búast má við mismiklu gruggi og miklum hitastigssveiflum í því yfirborðsvatni sem hreinsa a.

Það er því sjónarmið allra sem um neysluvatnsöflunarmál fjalla, að reyna verði í lengstu löð að afla grunnvatns, en ráðast ekki í vatns-hreinsun fyrr en fullreynt er að það fáist ekki.

Á Dalvík er starfræktur vatnsfrekur matvælaiðnaður sem hingað til hefur þurft að notast við alls ófullnægjandi yfirborðsvatn að miklu leyti. Það ligur ekki alveg ljóst fyrir hver raunveruleg vatnspörf staðarins er, en talið að 40 l/s gætu verið nærri lagi. Vatnsnotkun er afar sveiflukennd og er mikil nauðsyn að auka við miðlunarrými.

Fram til þessa hefur e. t. v. um of verið reynt að finna stað þar sem fá mætti allt það vatn sem vatnsveitan þarf með einni og sömu að-veitunni. Í lok skýrslunnar eru viðraðir þeir kostir sem þykja koma til greina fyrir vatnsveituna. Þar er lögð áhersla á það öryggis-atríði að hafa verulegan hluta neysluvatnsins sjálfrennandi. Mælt er með að virkja nokkrar lindir á Karlsárdal, en þaðan er sjálfrennsli. Það vatn sem á skortir til að fullnægja vatnspörfinni yrði þá fengið við Holtsá og dælt til bæjarins eftir þörfum hverju sinni.

Töluberðar líkur eru á að við Holtsá eina geti fengist allt það vatn sem vatnsveitan þarf með töluvert umfangsmiklum aðgerðum. Mælt er með að kanna jarðlagaskipan þar nánar með greftri til að fá úr því skorið hvort vatnsleiðandi jarðlag nái niður fyrir fjóra metra. Einnig er mælt með að þykkt malarlags á dalbotni Svarfaðardals innan við Skeggs-staði verði könnuð á sama hátt, en þar virðast vera góðir möguleikar á vatnsöflun sem gætu orðið bænum dýrmætir í framtíðinni.

## 2 GRUNNVATN OG MYNDUN PESSIONS

Berggrunnur í Svarfaðardal er þéttur og forn eftir því sem gerist hér-lendis. Grunnvatnsstreymi í honum er lítið og vatnsnám nær útilokað. Vinnanlegs grunnvatns er því helst að vænta í óhörðnuðum, lausum jarð-lögum. Þessi jarðlög geta verið skriður, berghlaup, malarhjallar og áreyrar svo nokkur dæmi séu nefnd. Þau hafa alla jafnan takmarkaða útbreiðslu og þess vegna eru því skorður settar hversu mikil grunnvatn nær að myndast í þeim, ekki síst þar sem úrkoma er lítil og fellur að miklu leyti sem snjór, eins og hér um slóðir. Lindarennslí er alla jafnan miklum sveiflum háð við þessar aðstæður.

Nokkru öðru máli geginir um áreyrar í grennd við vatnsföll sem tryggt geta nægilegt aðstreymi vatns í stað þess sem úr eyrinni er dælt. Líta má á eyrina sem náttúrulega síu og sé þess gætt að vegalengdin milli árinna og vatnsbólsins sé nægileg, er svona vatnsból jafnan örugg, bæði hvað varðar vatnsmagn og -gæði.

Borholur vatnsveitunnar á norðurbakka Brimnesár eru af þessari gerð vatnsbóla. Úr þeirri holu sem notuð er fást a.m.k. 15 l/s. Við eðli-legar aðstæður er streymi frá ánni nægilegt, en fyrir það getur tekið að verulegu leyti á vetrum þegar lítið vatn og janvel grunnstingull er í ánni. Til að reyna draga sem mest úr vatnsþurrð í eyrinni er árvatni veitt um rör í brunn ofan borholunnar. Honum er ætlað að tryggja sem jafnast innstreymi í mölina sem holan er boruð í.

Þrátt fyrir þennan umbúnað fer vatnsborð í vinnsluholunni iðulega niður fyrir sjávarmál, enda liggar landið lágt. Smárn saman hefur saltmengað vatn dregist inn á vinnlusvæðið og mengað neysluvatnið (sjá efnagreiningu í viðauka 1).

Alla jafnan ber mest á saltinu á vetrum þegar grunnvatnsmyndunin er í lágmarki. Hugsanlegt er að losna megi við þessa mengun með því að draga svo úr vatnstökunni að vatnsborð í holunni dragist aldrei verulega niður. Vegna þess að þetta vatnsbólssvæði hefur spillst, verður það að teljast útilokað að hægt sé að auka vinnslu úr því með því að bora fleiri holur. Einnig er vatnsbólssvæðið lítið og nánast ofan í þéttbýlinu. Þess vegna hefur ítrekað verið reynt að finna annað og betra vatnsból, eins og næsti kafli ber með sér.

## 3 YFIRLIT UM ATHUGANIR Á VATNSÖFLUNARMÖGULEIKUM DALVIKUR

1962 - 1963. Gerðar athuganir á uppsprettum á Ufsadal og einstakar mælingar á rennsli frá þeim sumar og vetur. Komist var að þeirri niðurstöðu að þaðan fengist ekki nægilegt vatn fyrir bæinn.

1964 er enn hugað að vatnsöflunarmöguleikum og eru þá um haustið boraðar tvær holur, en þær staðsetti Jón Jónsson. (verk nr. 682 hjá JBR). Gerð er grein fyrir þessum athugunum í greinargerð Ríkharðs Steinbergssonar fra desember 1966 "Vatnsveita Dalvíkur. Greinagerð -

kostnaðaráætlun - rekstraráætlun." Hola nr. 1 reyndist ekki gefa vatn en nr. 2 var virkjuð og er aðalvatnsból bæjarins.

1968 er þriðja holan boruð (verk nr 1003 hjá JBR). Hún virtist ekki geta gefið umtalsvert vatn og var ekki virkjuð fyrr en 1977. Nú er ekki unnið vatn úr henni lengur.

1975 var á ný gerð athugun á lindarennсли, einkum á Upsadal og Karlsárdal. Komið var upp mælistöðum í lindalækjum á Karlsárdal til að fylgjast með vetrarrennсли. Gerð er grein fyrir þessum athugunum í skýrslu Þóroddar F. Þóroddssonar og Þórólfs H. Hafstað í nóvember 1975 "Neysluvatnsrannsókn fyrir Dalvík."

1976 varð ljóst að vetrarrennли frá lindum á Karlsárdal hafði minnkað um meira en helming miðað við það sem verið hafði haustið áður. Reiknað var með að nýtanlegt rennсли frá alls um 15 lindum á sex lindasvæðum næði vart 20 l/s. Fyrir þessari niðurstöðu er gerð grein í skýrslu Þórólfs H. Hafstað í febrúar 1977 "Dalvík, vatnsöflunar-möguleikar", sjá einnig viðauka 2.

1977 var hola nr 3 við Brimnesá virkjuð en óljóst er hversu mikið vatn fékkst úr henni. Sett voru niður þrjú vatnshæðarmælingarör í grennd við vinnsluholurnar, sem nú voru orðnar tvær. Af hæðarmælingum varð ljóst að vatnsborð við vinnslu úr holu 2 fór niður fyrir sjávarmál. Reynt var að auka ínnrennсли í jarðlögin með púkkskurði fá ánni ofan holu 3. Þá var og hugað að lindum á Ufsaströnd og í Sauðdal.

1978 var annar og fullkomnari púkkskurður grafinn ofan við holu 2. Einnig var áfram haldið athugunum á hugsanlegri nýtingu linda í grenndinni og lindirnar á Sauðdal afskrifaðar. Um þetta er hægt að lesa í skýrslu Þórólfs H. Hafstað frá september 1978 "Dalvík. Í leit að neysluvatni."

1979 voru virkjaðar lindir, sem spretta fram undan Ufsanum sunnan-verðum.

1980 er stungið upp á að gera tilraunabrunna á eyrunun við Holtsá og Hálsá í greinargerð Þórólfs H. Hafstað frá mars það ár "Öflun neyslu-vatns fyrir Dalvík." Efnagreiningar á vatni úr holu 2 um haustið sýna umtalsverða saltmengun þegar vatnsstaða í holunni er lág.

1982 er saltmengun enn til ama og er árvissst böl.

1985 er ráðist í gerð tilraunabrunna við Hálsá, Holtsá og í Melshorni og þeir reynsludældir. Umbúnaður við lindir undan Ufsanum bættur og hreinsaður púkkskurður sem örvar streymi að borholu við Brimnesá.

1986 er dæling endurtekin að vetri til og í framhaldi lagt út í lang-tíma dælingu úr brunnum í Melshorninu, sem leiddi í ljós að vatn úr honum mengaðist af sjó með tímanum. Athyglan beindist einnig að lindum í landi Ytra-Holts, sem fram til þessa höfðu verið vanmetnar.

#### 4 LINDIDR Í NÁGRENNI DALVÍKUR

Sumarið 1975 voru gerðar allítarlegar athuganir á lindarennslí. Beindust þær fyrst og fremst að lindum, sem eru í jökulurð og minni háttar berghlaupum á Upsadal og Karlsárdal, þó einnig væri hugað að lindarennslí viðar.

##### 4.1 Upsadalur

Fylgst var með rennsli á þrem stöðum á Upsadal, þ.e. Seljahlíð, Dýdal og Grimubrekki veturninn 1962-1963. Þessar mælingar voru ekki nákvæmar; aðeins gerður samanburður á rennsli í september og febrúar, þegar ætla mátti að rennslið væri í lágmarki. Heildarniðurstaðan var, að almennt hafi rennsli minnkað um 40% milli umræddra mælinga. Hins vegar var dvínunin mun meiri hvað varðar þær lindir sem hugsanlegt var að virkja. Allar minnkuðu þær um meira en 60% ef þær ekki þurru alveg. Þar sem heildarvatnsmagnið var mjög lítið kom virkjun ekki til greina.

Í skýrslu um athuganirnar 1975 er getið lindarennslis á 9 stöðum á Upsadal. Engar mælingar voru gerðar um veturninn, enda viðst mjög augljóst að um óstöðugt rennsli var að ræða, ef ekki beinlinis snjóbráð. Ber að hafa það í huga þegar skoðaðar eru rennslismælingatölur frá þeim tíma.

Lítið lindasvæði undir suðausturhluta Upsa hefur nú verið virkjað. Reglulegar mælingar á rennsli þaðan hafa ekki verið gerðar, en gera má ráð fyrir að þaðan fái vatnsveitan 5-10 l/s; mismikið eftir árstíma. Minni lind er uppi í frambrún Upsans, en er enn óvirkjuð. Upsinn sjálfur er breghlaup; stykki hefur brotnað úr fjallshlíðinni og kurlast í hlíðarfætinum. Berghlaup eru jafnan vatnsgengar jarðmyndanir.

Ýmsum hefur þótt að til greina geti komið að afla vatns til vatnsvitunnar úr Grímánum á innanverðum Upsadal. Að sönnu er alltaf umtalsvert rennsli í ánum, en þær dragast saman úr óteljandi uppkomu-augum í jökulurð í 600-800 m hæð yfir sjó. Virkjun í upptökum tel ég að sé tæknilega útilokuð sakir þess hve smáar og dreifðar lindirnar eru, ef þá hægt er að tala um lindir í þessu sambandi. Einnig og ekki síst ber að hafa í huga hversu hátt þær liggja. Virkjun linda við svipaðar aðstæður annars staðar hefur ekki reynst vel þrátt fyrir góðan frágang og ærinn kostnað.

Vatnið í Grímánum sjálfum er hvorki verra né betra en annað yfirborðsvatn. Ef reynt yrði að virkja þær í upptökum gæti reynst erfitt að koma í veg fyrir mengun vegna aurburðar í vatninu, ekki síst í leysingum, en þær geta staðið fram á haust í þessari hæð.

##### 4.2 Karlsárdalur

Yfir 20 lindir hafa verið skoðaðar á Karlsárdal og er flestra getið í skýrslunni frá 1975. Flestar eiga þær upptök sín í jökulurð og eru á riflega kílómetra löngum kafla innarlega á dalnum og samkvæmt rennslismælingum haustið 1975 gáfu þær samanlagt allt að 90 l/sek.

Þessi tala er þó óraunhæf er meta skal hversu mikið vatn er unnt að virkja á svæðinu. Kemur þar í fyrsta lagi til að lindirnar eru nokkuð dreifðar og margar þeirra litlar. Hins vegar, og ekki síður, komu í ljós mjög verulega sveiflur í rennsli frá því lindasvæðið sem vænlegast þótti. Sett var upp mælistífla við neðsta lindasvæðið og fylgst með rennsli frá því veturinn 1975-76, og af og til 1976-77 (sjá viðauka 2).

Í ljós kom, að rennsli við mælistíflu að vetri til gat farið ofan í þriðjung þess sem það hafði mælst haustið 1975. Reynt var að meta heildarrennslið frá öllum lindasvæðunum með tilliti til þessara mælinga. Niðurstaðan var sú, að þó allar lindasytrur í svæðinu yrðu virkjaðar, væri langt í land að vatn frá þeim nægði til að fullnægja vatnspörf bæjarins. Það liggur því ljóst fyrir, að þó ráðist yrði í virkjun þeirra linda sem aðgengilegar eru á Karlsárdal, er fjarri að lausn fengist á néysluvatnsvandamálum Dalvíkinga. Að vísu þekkist það, að vatni sé aflað sjálfrennandi úr lindum að hluta eða öllu leyti þann tíma hluta árs sem rennsli úr þeim er nægilegt, en viðbótarvatns hins vegar aflað á annan hátt.

Í viðauka 2 er dregið saman í sem stystu máli hvað ætla má að hægt sé að fá af hinum einstöku lindasvæðum. Miðað er við rennslismælingar neðan við lindasvæði 1, og reynt að áætla hversu mikið hefði fengist af hverju svæði fyrir sig í marsmánuði 1976. Sé litið á þau svæði sem teljast aðgengilegust, þ. e. nr. 1, 2 og 3 sést, að fáanlegt vatnsmagn er 13 - 18 l/s.

Gera má ráð fyrir að þetta hafi verið nálægt því að vera lágmarksrennsli þennan umrædda vetur, en líklegt er að veturinn 1976 - 1977 hafi verið enn vatnsrýrari. Á hinn bóginn eru svæðin í um og yfir 300 m hæð yfir sjó og gefa alla jafnan meira vatn en lágmarksrennslið 1976 og það sjálfrennandi, en vegalengdin að miðlunargeymi vatnsveitunnar er 4 til 5 km. En þó svo að hagkvæmt þætti að virkja betta vatn, yrði eigi að síður að gera ráðstafanir til að afla viðbótarvatns annars staðar frá.

#### 4.3 Lindir við Ytra Holt

Þrátt fyrir töluverða leit fundust áhugaverðar lindir norðan og neðan- undir bænum að Ytra Holti ekki fyrr en í febrúar 1986. Ástæðan fyrir því var að þær koma fram í skurðbakka og verður lítt vart nema meðan vatnsstaða í Svarfaðardalsá er lág á vetrum, en þá verða þarna af- ætur. Mesta lindasvæðið er nokkru norðan og austan nýrisins refabús Böggversstaðabónadans. Þar var giskað á að rúmir 15 l/s spryttu fram í þrem lindaaugum þegar svæðið var skoðað þann 17. apríl 1986. Auk þessa vætuðu 3-5 l/s um það bil 200 m norðar út í skurðinn á alllöngu svæði. Þá voru einnig áberandi afætur við veginn neðan Hrafnssstaða, en rennsli þaðan minna.

Óneitanlega er staðsetning refabúsins heldur óyndisleg með tilliti til hugsanlegs vatnsnáms úr aðallindasvæðinu hér. Þó er talið að lindunum stafi ekki ógn af núverandi byggingum og starfsemi í þeim. Verði byggt norðan við húsið gæti annað orðið uppi á teningnum. Niðurstöður efnagreiningar á vatni úr aðallindinni er birt í viðauka.

#### 4.4 Aðrir möguleikar

Upsaströndin allt út undir Sauðanesrípil er ekki upp á marga fiska, aðeins óverulegar seyrur ofan við Sauðanes, aðallega neðan vegar og allir lækir dragast saman af stóru svæði.

Um kílómetra sunnan við Sauðanesrípilinn koma þrír lækir upp í giljadrögum rétt ofan við veginn. Uppsprettur þeirra eru áberandi í vætutíð og leysingum, en á vetrun þverra þær nær alveg.

Nokkrar lindir eru á Sauðdal, en ekki er ástæða til að þær séu það miklar og stöðugar að virkjun þeirra komi til greina. Flestar eru innarlega á dalnum í frekar smárrri berghlaupsurð, en einnig í jökulurð í dalsmynninu.

Þá hefur fjörurennslu í höfnina á Dalvík verið athugað og einnig smálindir og seyrur í utanverðum Svarfaðardal; í mynni Holtsdals, við Höfðann og á Hrísamóum, í Hálsdal, við Hofsá og í Hvarfinu, svo nokkrir áhugaverðir staðir séu nefndir. Hvergi á þessu svæði er umtalsvert lindarennslu nema utan og neðan við Ytra Holt.

Af framanskráðu þykir vera ljóst, að ekki er hægt að búast við að unnt sé að fullnægja vatnspörf Dalvíkurbaðar með virkjun linda, þó svo virkjaðar væru margar lindir á einhverju þeirra svæða sem getið hefur verið. Viðbótarvatns þyrfti alltaf að afla með örðum hætti.

Lítillega hefur verið hugað að hugsanlegum vatnsöflunarmöguleikun við Hofsá, einkum sunnan ár og neðan vegar. Í fljótu bragði virðast grunnvatnsaðstæður vera með svipuðu móti og eru við Holtsá og nánar verður vikið að síðar.

Lágldendi í utanverðum Svarfaðardal er að mestu myrlent. Þegar kemur inn að Hofsárkoti fer að þorna um, enda er þar farið að bera á möl á dalbotninum. Um þessa möl streymir vatn, a.m.k. þegar grunnvatnsstaða er há á sumrum og þegar innar dregur verða þarna nokkrir bakkafagrir uppsprettulækir. Ekkert er um þykkt þessa malarlags vitað né vatnsborðssveiflur í henni. Ef þessi möl er sәmilega þykk (nokkrir metrar) og vatnsgeng, gæti hún reynst vera bærilegur vatnsleiðari; nógú er hún viðfeðm þar sem hún hylur land allt inn undir ármót Svarfaðardsáar og Skíðadalsáar.

#### 5 TILRAUNABRUNNAR

Sumarið 1985 voru grafnir brunnar í tilraunaskyni á þrem stöðum í nágrenni Dalvíkur. Við Hálsá urðu brunnarnir tveir, sá þriðji er við Holtsá og hinn fjórði í malarnámi í Melshorni. Allt voru þetta tunnubrunnar af sömu gerð; fjórar oliutunnur rafsoðnar saman og gataðar með bor. Grafið var fyrir þeim með traktorsgröfu, tunnulengjunni komið fyrir og fyllt að með grófri möl og grjóti hið næsta henni, en að öðru leyti með uppmokstrinum. Í Melshorninu þótti ekki ástæða til að nota aðflutt efni, því uppmoksturinn þar reyndist að mestu laust við fínt efni sem teppit gæti vatnsaðfærslu. Í grennd við alla brunnana voru sett niður grønn rör til vatnshæðarmælinga til að hægt væri að fylgjast með niðurdrætti vatnsborðsins utan brunnveggjar

við dælingu.

Úr brunnunum var dælt með bensíknúnum dælum og tóku þátt í því dæla vatnsveitunnar, en afköst hennar eru allt að 6 l/s, fæðidæla frá slökkviliðinu sem dældi um 10 l/s og tvær dælur í eigu Orkustofnunar sem dælt geta 10 - 15 l/s. Fylgst var með rennsli með því að láta renna í kerald og taka tímann sem tók að fylla það með skeiðklukku. Vatnsborð var mælt með málbandi þar sem því varð við komið svo og vatnsborðsmælum.

Við framhaldskönnun í Melshorni voru notaðir síritandi þrýstiskynjarar til vatnsborðsmælinga við brunn og í Svarfaðardalsá. Þá var dælt með rafmagnsdælu sem vatnsveitan á og annar um 22 l/s.

Tilgangurinn með öllu þessu umstangi var í meginatriðum þríþættur:

Í fyrsta lagi að kanna efnisgerð og vatnsleiðnieiginleika ármalar á umræddum stöðum.

Í öðru lagi að bera saman afköst brunnanna sumar og veturn með það fyrir augum að gera sér grein fyrir árstíðabundnum breytileika.

Í þriðja lagi að velja svæði til frekari athugunar og þá fyrst og fremst að rannsaka hvernig það brygðist við langtímadælingu.

Sumarið 1985 var dælt úr öllum brunnunum og síðan endurtekið í febrúar 1986. Langtímadæling fór fram í Melshorni í apríl sama ár. Hér verður ekki gerð grein fyrir úrvinnslu þessara dæluprófana í smáatriðum, enda fyrst og fremst meinингin að fá fram hversu breytileg vatnsgæfni brunnanna væri. Í þeim samanburði kemur brunnurinn við Holtsá best út.

## 5.1 Hálsá

Brunnur I er á vesturbakka árinnar neðan við fiskhjallana í um 10 m fjarlægð frá ánni. Eyrarfyllan er fremur ungleg en bó gróin. Fylgst var með niðurdrætti í brunni og þrem athugunarrörum. Dælt var úr brunninum 14. til 15 júní 1985 og aftur 13. febrúar 1986.

TAFLA 1. Hálsá. Samanburður athugana sumar og veturn.

	14. júlí 1985:	13. febrúar 1986:	Breyting:
Grunnvatnshæð í brunni:	1,14 m	1,22 m (1,26 m)	8 cm lækkun 12 cm lækkun*
Niðurdráttur 10,0 l/s: í brunni 6,1 l/s: við dælingu: 5,0 l/s:	0,85 m 0,46 m (0,35 m)	0,53 m	18 cm aukning, eða um ca 50 %
Hitastig vatnsins:	5,1 gr.	0,5 gr.	mikil kólun
Reiknuð vatnsleiðni:	0,011 - 0,0084 m <sup>2</sup> /s	leiðni að vetri 0,0037 m <sup>2</sup> /s	38 % af summarleiðni.

\* Mælt 12. febrúar; aður en hlánaði.

Brunnur II er á sömu slóðum en lengra frá ánni og í löngu yfirgefnum og upprónum farvegi hennar. Hann reyndist lítið vatn gefa og var frekari athugunum hætt.

Í ljósi þess hve vatnsleiðnieiginleikar reiknast miklu minni um veturninn en verið hafði um sumarið, þótti mega álycta að jarðklaki í árbakkanum gerði áhrifasvæði brunnsins að verulegu leyti óvirkta á vetrum. Einnig virðist rennsli árinnar geta orðið mjög lítið þá og um leið er hætt við að streymi frá henni verði ónógt.

## 5.2 Holtsá

Brunnur III er á norðurbakka Holtsár, um 100 m neðan gömlu brúarinnar og 23 m frá ánni. Bakkinn er hér vel gróinn og hattar fyrir fornum farvegum árinnar þarna sunnan undir fiskhjöllunum. Brunnurinn er 3,7 m djúpur og var ekki komið ofan í vatnsleiðandi ármöl fyrr en á um tveggja metra dýpi. Ofan á henni er hálfss metra þykkt jarðvegslag, sem grafist hefur undir framburði árinnar við upphleðslu eyrarinnar (sjá viðauka 3).

Hér var aðeins eitt vatnshæðarmælingarör og reyndist það ekki ná nógu djúpt þegar niðurdráttur vegna dælingar varð hvað mestur. Dæla þurfti töluvert lengi áður en vatn fékkst hreint úr brunninum. Hann var dældur 27. og 28. júní og aftur 25. júlí sumarið 1985 og síðan í tæpa tvo sólarhringa samfleytt 10. til 12. febrúar 1986.

TAFLA 2. Holtsá. Samanburður athugana sumar og vetur.

	Sumar 1985:	Vetur 1986:	Breyting:
Grunnvatnsborð í brunni:	1,93 m(júní) 2,09 m(júní)	2,55 m	u.p.b. hálfss metra lækkun
Niðurdráttur í brunni	3,3 l/s:	0,36 m(júní)	
við dælingu:	5,0 l/s:	0,6 m (julí)	
	5,3 l/s:	0,58 m(júní)	
	6,94 l/s:	(0,95 m reiknað)	um 56 cm eða
	9,2 l/s:	1,31 m(júlí)	nálægt 50 %.
Hitastig vatnsins:		5,4 - 6,0 gr.	mikil kólunun
Reiknuð vatnsleiðni;	dæling: jöfnun:	0,0035 m <sup>2</sup> /s 0,002 m <sup>2</sup> /s    0,0024 m <sup>2</sup> /s	sambærilegt

Eins og fram kemur fengust tæpir 7 l/s úr brunninum í febrúar og varð vatnsborðslækkunin við þá dælingu 1,51 m. Greinilegt var eftir hitastiginu að dæma að vatnið var þá að yfirgnæfandi hluta ættað frá ánni, enda ekki við öðru búist.

Ef gengið er út frá að mölin sem vatnið er unnið úr sé dýpri en þessi brunnur nær, má reikna með að væri hann einum metra dýpri, fengjust 12 l/s og ef hægt væri að dýpka hann um tvo metra mætti draga 17 l/s úr honum. Fleiri brunnar eða safnlögn (dren) gætu aukið fáanlegt vatnsmagn, en það er þó takmörkunum háð og ræðst af lengd og dýpt lagnar-

innar og fjarlægð frá ánni. Hér er reiknað með að aðstæður í febrúar hafi verið eins og þær gerast vestar.

Hér þarf að kenna efnisgerð nánar með því að grafa svo djúpt sem komist verður ofan í árbakkann bæði ofan og neðan brunnsins. Eftir cobraholu í grennd við brunninn að dæma virðist jarðlag vera auðgræft niður á a.m.k. 9 m (sjá viðauka 3). Holan sú arna segir ekkert um vatnsleiðnieiginleika og efalaust sker hún bæði lek og þétt jarðög. Þetta ætti að koma í ljós við gröft og nokkrar cobraholur gætu enn glöggvað myndina.

Hér hefur verið gert ráð fyrir að fá mætti 20 l/s þó svo safnlögn kæmst ekki nema niður á fjögurra metra dýpi og að sama skapi meira ef dýpra er hægt að grafa. Búist er við að einstök lög séu slitrótt þar sem um er að ræða eyri og jafnvel séu mólög inn á milli eins og fram kemur í brunninum. Engin ástæða virðist til annars en að ætla að síunareiginleikar séu góðir og að óhætt sé að staðsetja vatnsból nálgæt ánni.

Sunnan ár virðast aðstæður vera svipaðar og vitað er að grunnvatnstreymi er þar, því stöðugt rennsli er í skurðenda á bakkanum. Þá virðist einnig líklegt að vinna megi vatn úr jörðu skammt ofan vegar og norðan ár, þó ekki hafi það verið kannað ennþá. Eins og málin standa virðist efnilegast að reyna vatnsnám á um 200 m kafla neðan vegin. Þar er brunnr III miðsvæðis.

### 5.3 Melshorn

Brunnur IV er í malarnámi sunnan (austan) við Svarfaðardalsá, u.p.b 50 m frá ánni. Tvö vatnshæðarmælingarör voru við brunninn. Svæðið liggur lágt yfir sjávarmáli og er grunnvatnsborð undir áhrifum sjávarfalla. Mölin er vel vatnsleiðandi og niðurdráttur í brunninum því lítill. Talið var líklegt að nálægð við ána mundi tryggja nægt aðstreymi fersks vatns og draga úr hættu á saltmengunum. Dælt var úr brunninum 26. júlí 1985 og aftur 11. og 12. febrúar 1986. Langtíma-dæling var í apríl það ár. Þá voru sex mælingarör boruð niður með cobra-bor, jafnframt því sem þykkt malarinnar var könnuð með honum.

Brunnbrún er í 2,77 m hæð samkvæmt bæjarkerfi Dalvíkur. Þann 10. til 11. febrúar 1986 var að jafnaði 1,48 m niður á vatn í brunninum, sem jafngilgir því að vatnsborð hafi að meðaltali verið 1,29 m í bæjarkerfinu. Eftir því sem best er vitað er hæðarkerfi Hafnamálastofnunar ekki verulega frábrugðið bæjarkerfinu. Samkvæmt mælingum stofnunarinnar er meðalsjavavarhæð á Dalvík 0,76 m. Ætla mátti að óhætt yrði að draga vatnsborð í brunninum niður um allt að hálfum metra án þess að færi niður fyrir sjávarmál.

TAFLA 3. Melshorn. Samanburður athuguna sumar og vetur

	Júlí 1985	Febrúar 1986	Breyting
Grunnvatnshæð í brunni: (meðaltal)	breytileg (ekki mælt)	u.p.b. 0,6 m ofan meðalsjávarmál.	sam- bærilegt
Niðurdráttur 4,46 l/s: við dælingu: 5,0 l/s: 18,35 l/s:		um 5 cm um 6 cm 15 - 20 cm	sam- bærilegt
Reiknuð vatnsleiðni: (5 l/s) (18 l/s)	0,04 m <sup>2</sup> /s	0,032 m <sup>2</sup> /s 0,064 m <sup>2</sup> /s	sama

Fylgst hafði verið náið með sjávarfallasveiflu í brunninum í nokkur dægur áður en febrúardælingin hófst. Eigi að síður var vandkvæðum bundið að mæla raunverulegan niðurdrátt vegna dælingar úr brunninum. Einnig gekk böxuglega að halda rennslinu stöðugu. Þrátt fyrir þetta þóttu niðurstöður vera nokkuð ótvíraðar svo langt sem þær náðu.

Eins og af töflunni sést er vart merkjanlegur munur á niðurdrætti og fáanlegu vatnsmagni úr brunninum sumar og vetur. Vitað var að vatnsleiðnieiginleikar malarinnar væru afar góðir en á hinn bóginн var þykkt hennar og samband hennar við ána ópekt. Vatnið, sem upp var dælt, var hreint, en hitastig ekki orðið stöðugt eftir um hálfss annars sólarhrings dælingu.

Í ljósi þessa ákvað Veitunefnd að reyna til þrautar hvort Melshornið væri fýsilegur vatnsbólstaður. Það varð ekki gert nema með langtíma úrdælingu. Vatnsveitan á dælu sem hafði þessu verkefni, en útvega þurfti rafstöð. Þegar það hafði tekist var hafist handa og unnið í samræmi við áætlun, sem hér er birt í viðauka 4. Rekin voru niður mælingarör í grennd við brunninn og var leitast við að fá sem gleggsta mynd af breytingum á vatnshæð og hitafari í jarðlögunum umhverfis brunninn og einnig í ánni, sem þá var ísi lögð.

Dæling hófst 16. apríl 1986 og lauk þann 29. Afköst dælunnar reyndust vera um 22 l/s og var rennslið stöðugt. Veitustjóri fylgdist gjörla með rennsli, vatnshæð og hita og skráði á til þess gerð eyðublöð (sjá viðauka 5). Fylgst var með svæðinu fram í miðjan maí og kannað hversu það jafnaði sig.

Tekin voru tvö sýni til efnagreininga af vatni úr Melshornsbrunni; annað eftir tveggja daga dælingu en hitt í lok dælingarskeiðsins (sjá viðauka 1). Eftir að þau höfðu verið greind kom í ljós að efnainnihald, og þá einkum salt, hafði aukist verulega. Þotti nú ekki þurfa fleiri vitna við og var frekari rannsóknun hætt við svo búið.

Búist hafði verið við að unnt yrði að greina á milli misheitra vatnsstrauma og af tveim ættum; annars vegar væri tiltölulega hlýtt vatn úr malarögum Hrísamóanna, en hins vegar kalt vatn, ættað frá ánni, beint eða óbeint. Síðar nefnda vatnið skilaði sér aldrei í þessari tilraun, til þess að það gerðist hefði niðurdráttur í brunninum þurft að vera meiri. Hins vegar varð niðurdrátturinn nægilega mikill til að leiða í ljós að sjávarmengað vatn er undir fersksvatnslinsunni í Melshorninu.

Þessi niðurstaða; þ.e. hversu fljótt saltmengunnar varð vart og hve veruleg hún varð, kom óneitanlega nokkuð á óvart. Hins vegar verður ekki annað um hana sagt en hún sé ótvírað.

## 6 MÖGULEIKAR VATNSVEITUNNAR

Hér á eftir verður velt upp þeim vatnsöflunarmöguleikum sem virðast vera fyrir hendi. Fáanlegt vatnsmagn er áætlað eins og talið er að það geti minnst orðið að vetri. Tölur vísa til viðauka 6.

1. Núverandi borhola við Brimnesá er talin gefa um 15 l/s. Augljóslega er akkur í að losna algerlega við allt vatnsnám úr henni. Hins vegar er mannvirkis til og visst að ómengoað vatn er hægt að fá úr holunni ef minna væri úr henni tekið. Því þykir óhætt að reikna með að þarna hafi vatnsveitan aðgang að a.m.k. 5 l/s, hvort sem hún kýs að nota hana á sama hátt og nú eða tengja hana beint við einhvers konar stórnottkun (fiskverkunarhús).

2. Upsalindir eru taldar gefa minnst um 5 l/s. Virkjun lítilla linda utar í fjallshlíðinni bætir þar engu umtalsverðu við.

3. Á Karlsárdal er talið að virkja megi u.p.b. 9 lindaaugu á þrem lindasvæðum, sem teljast bærilega aðgengileg (1, 2 og 3). Búist er við að þaðan fáist vart minna en 15 l/s

Þetta magn mætti e.t.v. auka með því að virkja fleiri lindaseyrur innar á dalnum. Ekki þykir þó ráðlegt að áætla það viðbótarmagn meira en 5 l/s.

Fullvirkjaður Karlsárdalur ætti samkvæmt þessu að geta lafað í því að gefa 20 l/s. Með Upsalindum og hoflega nýtri Brimnesárholu hefði vatnsveitan þá yfir að ráða u.p.b. 30 l/s. Það er ekki nóg.

4. Lindasvæði við Ytra-Holt var talið gefa um 15 l/s síðast liðinn veturn. Húgsanleg nýting þessa vatns byggist á að ekki verði byggt norðan núverandi loðdýrahúss.

5. Við Holtsá er talið nokkuð víst að hægt sé að vinna 20 l/s úr jörðu jafnvel þó safnlögn kæmist ekki nema á fjögurra metra dýpi. Ef vatnsleiðandi jarðlög ná dýpra og unnt er að grafa lögn svo djúpt, aukast möguleikar á vatnsöflun verulega og mætti búast við að fá 30 til 50 l/s. Þessir kostir verða ekki kannaðir nema með greftri í tilraunaskyni.

6. Botn Svarfaðardals frá ármótunum og allt niður undir Skeggstaði gæti hugsanlega verið ákjósanlegt vatnsbólssvæði. Grunnvatnsaðstæður hafa lítið verið kannaðar, enda er fjarlægð frá Dalvík um og yfir 10 km. Þykkt malarlags, sem þarna er undir móajarðvegi, þarf að kanna til að geta dæmt um vatnsöflunarmöguleika. Sé hún nægileg, gæti svæðið talist ákjósanlegt þrátt fyrir mikla fjarlægð frá bænum.

Í grófum dráttum virðast þrír kostir koma til álita:

A Vírkja allar aðgengilegar lindir á Karlsárdal og afla þess vatns sem á skortir frá tiltölulega einföldu vatnsbóli við Holtsá og/eða lind neðan Ytra-Holts.

Kostir: Fáanlegt vatnsmagn sémilega vel þekkt. Verulegur hluti þess er sjálfrennandi og verður að meta það sem öryggisatriði.

Ókostir: Mörg vatnsból og margvísleg; e.t.v. flókin stýring.

B Grafa langa safnlögn djúpt við Holtsá. Hugsanlegt er að nýta lind við Ytra-Holt jafnframt.

Kostir: Nálægð við byggðina. Eitt vatnsbólssvæði.

Ókostir: Óvissa er enn um vatnsgæfni jarðlags. Stækkanarmöguleikar takmarkaðir vegna smæðar árinna.

C Grafa brunna og safnlagnir í malarlag á Svarfaðardalsbotni.

Kostir: Eitt vatnsból. Miklir útpenslumöguleikar.

Ókostir: Dæling um langan veg til byggðarinnar. Lítill þekking á svæðinu. Hugsanlega er þessi kostur ekki raunhæfur, en hvort svo er getur ekkert nema nánari könnun leitt í ljós.

Rétt þykir að mæla með að kostur sá sem auðkenndur er "A" verði valinn. Honum fylgir minnst áhætta. Reikna þarf hagkvæmni þess að hafa aðveituæð af Karsárdal það víða að hún flytji allt það vatn sem þar er að hafa við bestu skylyrði. Hugsanlegt er að með því moti sparaðist verulegur kostnaður vegna dælingar frá Holtsá. Kanna þarf efnisgerð nánar við ána svo hægt sé að hanna mannvirki þar á sen haganlegastan hátt. Byggja þarf nýjan miðlunargeymí og virðist eðli-legast að hann verði á sömu slóðum og núverandi geymir

Þegar til lengri tíma er litið og vatnspörf Dalvíkur eykst, gæti olnbogarymi við Holtsá hugsanlega reynst vera of lítið. Rétt er því að kanna malarþykkt og e.t.v. vatnsborðssveiflur inni í Svarfaðardal. Væntanlega verður ekki þörf á vatni þaðan fyrr en nokkuð er liðið á næstu öld.

# VIÐAUKI 1:

## Efnagreiningar

Dalvík Vatnsveítan 22. júl. '74	Brimnesá Holur 2 & 3 nóvember'80	Hálsá Brunnur I febrúar'86	Holtsá Brunnur III febrúar'86	Ytra Holt Lind 13. mars'86
hiti 12,9 °C		0,5 °C	0,5 °C	3,0 °C
pH 7,62/20,0	7,30/24	7,03/22	7,14/22	7,19/20,7
viðnám 156,3/20,0		155,3/24	147,7/24,3	86,43/18,4
SiO <sub>2</sub> <sup>+</sup> 14,20		12,11	14,02	16,53
Na <sup>+</sup> 7,60	62,0	5,26	5,89	9,33
K <sup>+</sup> 0,17	1,8	0,51	0,38	1,26
Ca <sup>++</sup> 4,00	79,0	4,24	5,00	8,49
Mg <sup>++</sup> 1,40	27,2	1,77	1,67	3,34
Fe				0,1
CO <sub>2</sub> (tot) 24,30		18,4	25,0	35,9
HCO <sub>3</sub> <sup>-</sup>	43,4			
SO <sub>4</sub> <sup>2-</sup> 1,10		2,27	1,94	4,02
Cl <sup>-</sup> 8,90	320,0	7,09	5,06	8,90
F <sup>-</sup> 0,05	0,057			0,006
Uppl. efni 51,00	794,5	37,5	38,7	82,3
NO <sub>3</sub> <sup>-</sup>		0,22	0,27	

Styrkur efna er í ppm (parts per million)  
Eðlisviðnám gefið í ohmm við tiltekið hitastig

Melshorn Brunnur IV febrúar'86	Melshorn Brunnur IV 18. apr'86	Melshorn Brunnur IV 29. apr'86
hiti 3,3 °C	3,5 °C	4,6 °C
pH 7,38/22	7,50/22	7,52/24,2
viðnám 67,48/24,3		
SiO <sub>2</sub> 22,39		
Na <sup>+</sup> 18,56	20,11	72,34
K <sup>+</sup> 1,52	1,52	4,21
Ca <sup>++</sup> 4,64	5,32	32,43
Mg <sup>++</sup> 3,61	3,67	23,62
Fe		
CO <sub>2</sub> (tot) 26 -	23 -	
SO <sub>4</sub> <sup>2-</sup> 5,58	6,26	29,12
Cl <sup>-</sup> 24,59	28,74	193,89
F <sup>-</sup>		
Uppl. efni 87,6		
NO <sub>3</sub> <sup>-</sup> 0,51		


Styrkur efna er í ppm (parts per million)  
Eðlisviðnám gefið í ohmm við tiltekið hitastig  
Athugið að greiningu er ekki að fullu lokið í  
júnimánuði 1986 og eru tölur til bráðabrigða.

# Lindir á Karlsárdal

OKKUSÍOFNUN

DALVIK  
vatnsöflunarmöguleikar

1977.03.10. b.M.H.




I þessari töflu er lindum á innanverðum Karlsárdal skipt í sex lindasvæði (sjá meðfylgjandi mynd). Reynt er síðan að reikna rennsli frá þeim miðað við rennsli á mælistæð (1. lindasvæði).

	lindasvæði, A, B, C & D	lindasvæði, E & F	lindasvæði, G, H & I	lindasvæði, J	lindasvæði, K, L & M	lindasvæði, N & O	lindasvæði, reiknað
Mælt 30. mars '76	14,5	5,8	10,0	4,0	5,5	2,2	14,5
Mælt 1975	5,2	3,6	8,4	4,2	1,1	1,7	5,8
Reiknað rennsli	90%	90%	50%	10%	75%	75%	50%
Reiknað rennsli 30. mars '75	90%	3,6	4,2	1,1	1,7	2,4	2,9
Reiknað rennsli 30. mars '76	5,2	4,0	8,4	11,2	5,5	8,0	14,5
Reiknað rennsli 1975	5,2	4,0	8,4	28,0	5,5	8,0	14,5
Reiknað rennsli 1976	5,2	4,0	8,4	21,0	5,5	8,0	14,5
Reiknað rennsli	5,2	4,0	8,4	21,0	5,5	8,0	14,5

EINFÖLDUD AFSTÖDUM YND AF LINDASVÆÐUM Á

KARLSÁRDAL


Rennslisbreytingar á mælistæð





VIÐAUKI 3:  
Skissa af brunni við Holtsá

BRUNNUR III  
v. HOLTSÁ

PÍSIR



COBRAHOLA  
0 20 40 60 sek / 1/2 m



\*5. tunnu bætt  
við haustið '85  
ADOP. MÍDAG  
V Þ 4 tunnu  
hverf tunna 0.225m  
Lád !!! - 19.86

## VIÐAUKI 4:

### Aætlun um dælingu úr brunni í Melshorni

-2-

12. apríl 1986

VATNSORKUDEILD  
Vatnsveita Dalvíkur. Melshorn.

Rammi utan um rannsókn á möguleikum á öflun neysluvatns Úr vatnslíðandi malarlagi í Melshorni við Svarfðarárós.

1. hluti. (april - maí)

Reka þarf niður u.p.b. 8 vatnshæðarör í grennd við tilraunabrunn. Í þeim verdur að vera hægt að mæla hita og þurfa þau að ná um 2 m niður í grunnvatnið.

Mæla þarf sjávarfallasveiflu í brunni og ánni. Koma þarf fyrir vatnshæðarkvarda við ána og mæla hann inn í hæðarkerfi bæjarins, eins og holurnar.

Hefja dælingu úr brunni. Reynt skal að láta hana byrja í þrepum. Síðan skal dælt í að minnsta kosti tvær vikur samfellt.

Fylgst skal með eftirfarandi þáttum:

Vatnshæð með einum sírita og mælingum í einstökum holum a.m.k. einisinni á dag, helst á liggjanda.

Vatnsmagni, sem uppi er dælt. (rennsli).

Vatnshita í frárennsli og í einstökum holum, svo og í ánni með kvikasilfurmsali og thermistor; a.m.k. daglega.

Lofþrýstingi (?).

Sýni til efnagreininga tekin eftir ákvörðun sem byggja á hitameelingunum, en verða vart færri en tvö í þessum hluta.

Tilgangur þessa hluta er einkum að kanna aðfærsluleiðir vatnsins og hvort greina megi á milli vatns sem ringt hefur ofan í Hrifsamóana og vatns áf ætt árinna. Á einn eða annan hátt. Ef í ljós kemur að árvatnið er ráðandi þarf í sjálfi sé ekki að hafa verulegar áhyggjur á ad vatnsfordinn gangi til þurðar þó miklu sé dælt. Í því tilviki þarf einungis að huga að hví hvernig mannvirkjum verdi best hagad með mengunarhættu í huga (yfirborðsvatn, sjór og að tryggja nægilengs, s.s.).

Eðust er við að nokkuð samspli sé milli aðfærslu vatns frá á og undan móum, og sé því óstæða til að beina sjónum að hví "magasíni" sem þeir vafalaust eru.

2. hluti. (maí - (júníþyrjun))

Gera þarf fleiri grunnvatnsholur (um 4 stk) og nú fjar Horniniu, en á vatnsvíði þess eða á annan hátt á lýsandi stöðum. Meðal annars er forvitnil eftir gerð verði alldýjp og víð hola á eiðinu milli ár og sjávar.

Dæling stöðuvud, en fylgst verdur enn um hríð með grunnnvatni í öllum holum og ánni. Gert er ráð fyrir að þetta hlé á dælingu vari í um 3 vikur.

Tilgangurinn er er fyrst og fremst að kenna hægðan grunnnvatns við nokkurn veginn ótruflað ástund eftir að "magasíni" hefur jafnað sig af dælingu 1. hluta.

Lengd þessa hluta fer að verulegu leyti eftir því hvernig vorar svo og hvorsu hluturnir arta sig í 1. hluta.

3. hluti. (júní - (júlí))

þegar sumars fer að gæta í hitastigi árvatnsins og vænta má að hitafarsaðstæður í Hrifsamóum séu orðnar öðruvísi en þær voru í 1. hluta; þá er dæling hafin að nýju. Að henni er staðið ásíma hátt og í hluta 1, og er þess vænst að á þessu dælingskeiði fáist staðfesting á hiðurstöður hins fyrra, auðkess sem mat á "magasíni" ætti að fást. Gert er ráð fyrir að dæling standi álíka langan: tíma og hlé annars hluta var.

Sýni til efnagreininga verða tekin af og til úr brunni, eintaka holum og árvatni. Fjöldi heira og hvenær á rannsóknar-tímabilinu þau verða tekin rædst að mestu af niðurstöðum hitameelinga. Gera verður þó ráð fyrir tveim eða fleiri greiningum í 1. hluta og ekki færri í 3. hluta.

Það er nú svo.  
þórlfur H Hafstað

verkefnisstjóri.  
Freysteinn Sigurðsson  
deildarstjóri jk.

# VIÐAUKI 5:

## Dæling úr Melshornsbrunni

### Sýnishorn úr dagbók

DALVÍKURBER-VATNSVEITA

#### REYNSLUDÆLING ÚR BRUNNI Í MELSHORNI

Dagsetn. 18.apr. 86

Tími 8<sup>20</sup>

RENNSLI;

Tunna/sek 9,6 = 22,9<sup>1/3</sup>

Hiti ... 3,5°

BRUNNUR;

Dýpi á v. 1,28

Útihihi ... 2,3°

Vél ... 2819,1

	Hæð, m	hití
	Ain	- C°
R-1	0,85	botnhiti i röri
R-2	1,63	2,7°
R-3	1,76	2,8°
R-4	1,31	2,6°
R-5	1,97	3,3°
R-6	1,48	2,6°

Athugasemdir ( veður, gerð (No) hitam., o.s.frv. )

tekið sýni til efnagr.  
dæling hafst 16.april

ath. Rör R-3 luksanlega stíflað!  
ath. mælt var á tveim stöðum í  
hverju málröri, en hér er bara  
syndur botnhiti. Botn er nokkuð  
mislanguð nedan þærðar og er hita-  
stig því ekki með öllu sámanberan-  
legt.

DALVÍKURBER-VATNSVEITA

#### REYNSLUDÆLING ÚR BRUNNI Í MELSHORNI

Dagsetn. 29.apr. 86

Tími 8<sup>15</sup>

RENNSLI;

Tunna/sek 10,2 = 24,6<sup>1/3</sup>

Hiti ... 4,6°

BRUNNUR;

Dýpi á v. 1,33 m

Útihihi ... +5,8°

Vél ... 3084,6

	Hæð, m	hití
	Ain	- C°
R-1	0,89	botnhiti i röri
R-2	1,67	4,6°
R-3	1,38	3,2°
R-4	1,36	3,1°
R-5	2,00	3,4°
R-6	1,58	3,6°

Athugasemdir ( veður, gerð (No) hitam., o.s.frv. )

tekið sýni til efnagr.  
dælt nefur verið stöðugt frá 16.apr.  
Slökkt á dælu!

Fylgst verður áfram með hita  
og vatnshæð á næstu dögum?

## VIÐAUKI 6: Yfirlitsmynd

0  
1  
2  
3  
4  
5 km

⑥

• Bær

■ Prettbýli

## SKÝRINGAR

■ Fridað land

m. hæð  
strandlína

